

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2021 í máli nr. 121/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 29. október 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, f.h. eiginmanns síns, Y, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Z, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að bifreið sem keypt var af varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða viðgerðarkostnað. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 11. desember 2020 og 19. janúar 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 3. febrúar 2021. Þann 10. febrúar 2021 bárust nefndinni athugasemdir sóknaraðila við andsvör varnaraðila. Frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila 17. febrúar 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, kaupsamningur vegna kaupa á bifreiðinni, dags. 31. maí 2018, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, afrit af útleigu – og þjónustusögu bifreiðarinnar hjá varnaraðila, afrit af tilkynningu um innköllun bifreiðarinnar, dags. 26. október 2018, yfirlit úr ökutækjaskrá, staðfesting á greiðslu að fjárhæð 690.000 krónur vegna viðgerðar á bifreiðinni samkvæmt reikningi dags. 8. október 2020, svo og umboð vegna reksturs málsins hjá kærunefndinni.

Með bréfi, dags. 26. mars 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á bifreið af gerðinni Opel Mokka, árgerð 2017, af varnaraðila þann 31. maí 2018 fyrir 3.190.000 krónur. Bifreiðinni hafði samkvæmt kaupsamningi verið ekið 47.000 km. við kaupin. Varnaraðili hafði flutt bifreiðina til landsins og nýtt hana til útleigu í rekstri sínum í tæplega eitt ár áður en sóknaraðili festi kaup á henni.

Umboðsaðili framleiðanda bifreiðarinnar hér á landi, Bílabúð Benna ehf., tilkynnti opinberlega um innköllun bifreiðarinnar í október árið 2018. Samkvæmt tilkynningunni átti að uppfæra tölvu tiltekinn bifreiða vegna möguleika á gangtruflunum í bifreiðinni, eigendum að kostnaðarlausu. Bifreið sóknaraðila var kölluð inn vegna þessa í nóvember árið 2018.

Í janúar eða febrúar árið 2020 kveðst sóknaraðili hafa fengið símtal frá starfsmanni varnaraðila þar sem spurt var hvort bifreið sóknaraðila sé í lagi. Voru sóknaraðila veittar þær upplýsingar að vélar bifreiða af þessari tegund hafi verið að gefa sig í kringum 50.000 km.

akstur. Þá hyggist varnaraðili höfða mál gegn Bílabúð Benna ehf. Sóknaraðili hafði í kjölfarið samband við Bílabúð Benna ehf. sem óskaði símleiðis eftir því að fá bifreiðina í þjöppumælingu sem sóknaraðili þáði. Bifreiðin var eftir mælinguna sögð þjappa eðlilega á öllum fjórum cylndrum, að sögn sóknaraðila.

Í byrjun júní árið 2020 byrjaði bifreiðin að hökta við akstur og vélarljós birtist í mælaborði bifreiðarinnar. Við skoðun hjá Bílabúð Benna ehf. kom að sögn sóknaraðila í ljós að einn til tveir cylndrar væru farnir og vélin væri ónýt. Kostnaður við úrbætur var sagður um 1.400.000 krónur og bæri sóknaraðila að greiða fyrir vinnu við viðgerðina en framleiðandi féllst á að greiða fyrir nýja íhluti. Var sóknaraðila gert að greiða 690.000 krónur fyrir vinnu við viðgerðina samkvæmt reikningi, dags. 8. október 2020.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst hafa verið óviss hvort beina beri kvörtuninni gegn varnaraðila eða Bílabúð Benna ehf. Bílabúð Benna ehf. hafi haldið því fram að varnaraðili hafi ekki sinnt viðhaldi með réttum hætti. Var málinu beint gegn varnaraðila sem seljanda bifreiðarinnar.

Bendir sóknaraðili á að auðvelt sé að finna staðfestingu á netinu um að bifreiðin sé haldin þekktum galla. Þá bendir sóknaraðili á að vél bifreiðarinnar hafi eyðilagst þegar bifreiðin var aðeins tveggja ára gömul. Telur sóknaraðili sérstakt að umboðsaðili framleiðanda viðurkenni að vél bifreiðarinnar sé gölluð án þess að bæta sóknaraðila tjónið að fullu. Sóknaraðili hefur krafist þess að varnaraðili greiði hlut sóknaraðila í viðgerðinni en varnaraðili hefur ekki fallist á það.

3.2. Andsvör varnaraðila

Í andsvörum sínum bendir varnaraðili á að krafa sóknaraðila gagnvart varnaraðila í kvörtuninni sé óskýr en virðist þó efnislega eiga að vera beint gegn framleiðanda bifreiðarinnar og umboðsaðila framleiðanda hér á landi. Bendir varnaraðili á að kærunefndin gæti þurft að vísa kvörtun sóknaraðila frá samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði að öðrum kosti hafnað.

Varnaraðili kveðst hafa keypt bifreiðina frá Þýskalandi af félaginu Russman GmbH & Co. KG í maí árið 2018 ásamt 70 öðrum Opel Mokka bifreiðum. Bifreiðin var nýskráð hér á landi 28. júní 2017 og hafði verið í notkun í tæplega eitt ár þegar sóknaraðili festi kaup á henni. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 47.513 km. og skipt hafði verið um olíu í samræmi við leiðbeiningar í eigendahandbók í þrígang, þann 5. september 2017, þann 3. febrúar 2018 og þann 11. maí 2018. Gert sé ráð fyrir olíuskiptum á 30.000 km. fresti en varnaraðili kveðst hafa skipt um olíu á um 15.000 km. fresti. Varnaraðili bendir á að bifreiðin hafi verið í góðu ásigkomulagi við söluna, hafi verið sinnt í samræmi við eigendahandbók og enn verið í ábyrgð hjá framleiðanda. Ekkert hafi bent til þess að bifreiðin kynni að vera haldin galla. Bifreiðin hafi svo bilað rúmlega tveimur árum eftir að sóknaraðili keypti bifreiðina af varnaraðila. Telur varnaraðili að hafna beri kröfu sóknaraðila samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að bifreiðin hafi verið haldin galla sem varnaraðili beri ábyrgð á við áhættuskipti þann 12. júní árið 2018. Hafi bifreiðin ekki verið í lakara ástandi en sóknaraðili mátti búast við á þeim tíma og varnaraðili hafi ekki haldið eftir eða leynt upplýsingum sem hann bjó eða bar að búa yfir.

Varnaraðili bendir á að bifreiðin hafi síðar verið innkölluð af þeirri ástæðu að möguleiki væri á að vart yrði við gangtruflanir í bifreiðinni. Átti að uppfæra vélartölvu bifreiðarinnar eigendum að kostnaðarlausu. Varnaraðili telur að ráða megi af innkölluninni að bifreiðin hafi verið haldin einhvers konar framleiðslugalla sem bregðast þurfti við til að reyna að koma í veg fyrir gangtruflanir. Innköllunin tók ekki til þeirra Opel Mokka bifreiða sem voru í eigu varnaraðila á þeim tíma þar sem hún náði aðeins til 18 tiltekinna bifreiða. Varnaraðili kveðst ekki hafa fengið neinar upplýsingar um framleiðslugallann. Þá hafi varnaraðili hvorki fengið

leiðbeiningar frá framleiðanda né þjónustu- og umboðsaðila framleiðanda hér á landi um að nota skyldi aðra smurolú en þá sem tilgreind er í eigendahandbók. Hins vegar telur varnaraðili liggja fyrir að framleiðandi bifreiðarinnar hafi gengist við því að bifreiðin sé haldin tilteknum galla og hafi það verið gert á ábyrgðartíma bifreiðarinnar. Hafi þjónustu- og umboðsaðili framleiðanda hér á landi framkvæmt tölvuuppfærslu í bifreiðinni og sinnt smurþjónustu í a.m.k. tvígang eftir kaupin. Telur varnaraðili að sóknaraðila beri þar af leiðandi að beina öllum kröfum sínum að framleiðanda bifreiðarinnar og/eða þjónustu- og umboðsaðila framleiðanda hér á landi.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum tekur sóknaraðili fram að kvörtuninni sé beint að varnaraðila þar sem margar bifreiðar í hans eigu hafi einnig bilað með sambærilegum hætti og varnaraðili sé sjálfur að leita réttar síns gagnvart framleiðanda. Þá hafi varnaraðili flutt inn og selt sóknaraðila bifreiðina. Bílabúð Benna ehf. hafi haldið því fram að þær bifreiðar sem það fyrirtæki flutti inn hafi ekki bilað með sambærilegum hætti og að þar sem Bílabúð Benna ehf. hafi ekki flutt inn bifreiðina sé bilunin ekki á þeirra ábyrgð.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili bendir á að varnaraðili og Bílabúð Benna ehf. standi í ágreiningi og þar af leiðandi sé ekki unnt að líta til þess sem Bílabúð Benna ehf. segi um varnaraðila í þágu eigin hagsmuna. Varnaraðili telur að bilun annarra bifreiða í hans eigu staðfesti að bifreiðarnar hafi verið haldnar framleiðslugalla sem framleiðandi og umboðsaðili framleiðanda á hverju markaðssvæði beri ábyrgð á. Sambærileg bilun hafi einnig komið upp í öðrum löndum og því sé bilunina ekki að rekja til varnaraðila heldur framleiðslugalla sem framleiðandi beri alla ábyrgð á. Varnaraðili segir alþekkt að umboðs- og þjónustuaðilum framleiðanda beri að sinna ábyrgðarþjónustu og ábyrgðarviðgerðum á sínu markaðssvæði óháð því hvort þær hafi verið keyptar í gegnum þjónustuaðilann. Byggi það á frjálsum vöruviðskiptum samkvæmt EES-samningnum. Geti kaupendur bifreiða leitað til þjónustu- og umboðsaðila á sínu markaðssvæði óháð því hvar bifreiðin var keypt og Bílabúð Benna ehf. geti ekki vikist undan þeim grundvallarskuldbindingum.

IV

Niðurstaða

Kærufnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærufnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni Opel Mokka, árgerð 2017, af varnaraðila þann 31. maí árið 2018 fyrir 3.190.000 krónur. Við meðferð málsins var lagður fram reikningur og staðfesting á greiðslu viðgerðarkostnaðar að fjárhæð 690.000 krónur til Bílabúðar Benna ehf.

Varnaraðili telur að krafa sóknaraðila í málinu sé óskýr og bendir á að nefndin gæti þar af leiðandi þurft að vísa málinu frá samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi leitað til varnaraðila áður en kvörtun var send til kærufndar vöru- og þjónustukaupa. Hafi sóknaraðili gert kröfu um greiðslu viðgerðarkostnaðar að því leyti sem kostnaðurinn yrði ekki greiddur af framleiðanda bifreiðarinnar. Varnaraðili hafnaði þeirri kröfu. Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að framleiðandi bifreiðarinnar hafi lýst því yfir að hann muni ekki greiða viðgerðarkostnað vegna viðgerðar hjá Bílabúð Benna ehf. heldur aðeins kostnað við kaup íhluta. Með hliðsjón af andsvörum varnaraðila og gögnum málsins að öðru leyti telur kærufndin að krafa sóknaraðila sé nægilega skýr til þess að unnt sé að taka efnislega afstöðu til hennar í málinu.

Varnaraðili hefur byggt á því að kvörtun sóknaraðila sé ranglega beint að sér. Kvörtunin eigi að beinast gegn framleiðanda bifreiðarinnar eða Bílabúð Benna ehf., umboðsaðila framleiðanda bifreiðarinnar hér á landi. Hefur varnaraðili bent á að bifreiðin hafi verið haldin framleiðslugalla sem kom í ljós um það bil tveimur árum eftir sölu bifreiðarinnar til sóknaraðila. Bifreiðin hafi enn verið í ábyrgð framleiðanda við sölu og framleiðandi hafi þegar viðurkennt að um galla sé að ræða með því að taka þátt í greiðslu viðgerðarkostnaðar. Gallann sé hins vegar ekki að rekja til varnaraðila og varnaraðila hafi ekki verið kunnugt um hann.

Um sölu varnaraðila á bifreiðinni til sóknaraðila þann 31. maí árið 2018 gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Með neytendakaupum er, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. nkpl., átt við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu. Ákvæði nkpl. byggja m.a. á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 99/44/EB frá 25. maí 1999, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar ber seljandi ábyrgð á göllum gagnvart neytandanum. Varnaraðili var viðsemjandi sóknaraðila, þ.e. seljandi, í þeim viðskiptum þegar sóknaraðili eignaðist umþrætta bifreið, sbr. 1. gr. nkpl. Er því ekki fallist á að kröfu sóknaraðila sé ranglega beint að varnaraðila.

Þegar seljandi ber ábyrgð gagnvart neytanda á galla sem rakinn er til aðgerða eða aðgerðaleysis framleiðanda, fyrri seljanda í sömu samningskeðju eða annars milliliðar, getur seljandi beitt úrræðum gagnvart þeim aðilum sem bera endanlega ábyrgð, sbr. 4. gr. tilskipunar 99/44/EB um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi. Kærunefndin tekur hins vegar ekki afstöðu til þess hvort eða að hvaða leyti varnaraðili kann að eiga kröfu á hendur framleiðanda bifreiðarinnar eða öðrum aðilum.

Í kaupsamningi og afsali vegna kaupa sóknaraðila á bifreiðinni, dags. 31. maí árið 2018, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Í 1. mgr. 17. gr. nkpl. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Þá segir í 1. mgr. 18. gr. nkpl. að við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skuli miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. nkpl. fjallar um hámarkstilkynningarfresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Hámarkstilkynningarfresturinn er almennt tvö ár samkvæmt ákvæðinu nema ef söluhlut

eða hlutum hans er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Er fresturinn við þær aðstæður fimm ár.

Þar sem meira en tvö ár voru liðin frá því sóknaraðili festi kaup á bifreiðinni þegar bilunin var tilkynnt varnaraðila verður að meta hvort vél bifreiðar geti talist söluhlutur sem „er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi framangreindrar 2. mgr. 27. gr. Í skýringum við ákvæðið, sem fylgdu með frumvarpi til nkpl. segir m.a. um þetta að líta þurfi til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Í framanröktum skýringum er gefin sú leiðbeining að vafi um endingartíma eigi að hafa það í för með sér að vara verði felld undir fimm ára regluna frekar en tveggja ára. Neytendur geta að mati kærunefndarinnar haft væntingar til þess að vélar bifreiða eigi að endast í töluverðan tíma og lengur en almennt gerist um söluhluti. Verður því litið svo á að sóknaraðili hafi kvartað undan galla í tæka tíð í skilningi 2. mgr. 27. gr. laganna.

Umþrætt bifreið var um eins árs gömul og hafði verið ekið um 47.000 km. við kaupin. Greiddi sóknaraðili 3.190.000 krónur fyrir bifreiðina. Rétt rúmlega tveimur árum eftir kaupin, í júní árið 2020, bilaði vél bifreiðarinnar með þeim hætti að þörf var á kostnaðarsamri viðgerð. Var bifreiðin þá aðeins um þriggja ára gömul. Í reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni, dags. 8. október 2020, er að finna eftirfarandi bilana- og viðgerðarlýsingu frá Bílabúð Benna ehf.:

„Vél þjöppumæld er mjög léleg þjappa á cyl 1. Vél tekin úr bíl og tekið hedd af vél. Kom í ljós að stimplar eru brotnir og var blokk of mikið rispuð til þess að eingöngu væri nóg að skipta um stimpill, stimpill á cyl 1 brotinn. Þarf að skipta um vél.“

Ekkert liggur fyrir sem bendir til þess að viðhaldi, umhirðu eða notkun varnaraðila eða sóknaraðila á bifreiðinni hafi verið áfátt. Þá er fallist á það með sóknaraðila að hann hafi við kaupin mátt gera ráð fyrir því að vél bifreiðarinnar muni endast mun lengur en raun varð. Hins vegar hafa ekki verið lögð fram gögn í málinu sem staðreyna orsök bilunarinnar eða að hvaða leyti rekja megi bilunina til ástands bifreiðarinnar eða framleiðslugalla í skilningi 1. mgr. 17. gr. nkpl. Þá hafa ekki verið lögð fram gögn sem staðreyna tengsl á milli þeirra annmarka sem urðu til þess að bifreiðin var innkölluð af umboðsaðila framleiðanda hér á landi og þeirrar bilunar sem deilt er um í máli þessu.

Með hliðsjón af gögnum málsins verður því ekki slegið föstu að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin. Er kærunefndinni ekki annað fært en að hafna kröfu sóknaraðila.

V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, Y, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson